


Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1	VIR XS 24 Kennsluáætlun vorönn 2015	

Nafn kennara:	Elías Þorsteinsson	Sk.stöfun:	ELÍ
----------------------	---------------------------	-------------------	------------

Um áfangalýsingu vísast í námskrá en hana má einnig finna á <http://www.vma.is/namid/> eða í Gæðahandbók. Um vikudaga og tímasetningu innan hverrar viku vísast til stundartöflu sem afhendist í byrjun annar.

ÁFANGALÝSING: Í þessum áfanga fá nemendur að kynnst undirstöðuatriðum á sviði véla og viðhalds þeirra. Ýmsum undirstöðuatriðum og grundvallaratriðum er varða hin ýmsu kerfi véla hvort heldur sem um er að ræða bílvélar eða báta og skipavélar. Nemendur rissa upp í samráði og með aðstoð kennara hin ýmsu kerfi á einfaldan hátt sem og að taka í sundur og setja saman ýmsa hluti er tengjast vélinni. Farið verður yfir herslu í boltum og mikilvægi þess kynnt. Heimsóttir verða vinnustaðir þar sem nemendur fá að kynnst fjölbreyttri starfsemi málm og véltæknigreina.

ÁFANGAMARKMIÐ: Að nemandinn komi tilbúinn til áframhaldandi náms í málm, bíla eða véltæknigreinum miðað við góðan árangur sé litið til áfangalýsingar.

KENNSLUADFERÐ: Nemendur mæti í alla tíma þar sem kennari fer yfir námsefni síðustu viku. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur læri mikið heima nema að þeir kjósi það sjálfir. Örstutt lýsing á verkefnum hverrar viku verða tekin til prófmats. Krafist er að nemendur vandi skrift og frágang verkefna eftir bestu getu. Notkun farsíma er bönnuð í tímum.

NÁMSGÖGN: Efni frá kennara. Nemendur þurfa eina rúðustrikaða reikningsbók gormaða fyrir áfangann og gatamöppu fyrir A4 blöð.

NÁMS OG KYNNISFERÐIR: Farnar verða náms og kynnisferðir til fyrirtækja í málm og véltæknigreinum. Nemendur búi sig í skólann í vetrarklæðnaði á mánudögum þar sem að ferðir verða í nokkrum tímum. Ekki er hægt að ákveða nú dagsetningu heimsóknna en farið verður til eftirfarandi fyrirtækja.

Slippurinn ehf. Kælismiðjan Frost ehf. Útgerðarfélag Akureyringa hf.
Vaðlaheiðargöng ehf. Eldsmiðja Guðmundar Arnar. Mjólkursamslag MS á
Akureyri. Verslunin Brynja (Ísframleiðsla). (Allir fá að smakka á ísnum)

NÁMSMAT: Einkun gefin fyrir 5 verkefni 70% og ástundun 30%. Einkun fyrir liðinn, ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkun 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkun og getur einnig endað í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Elías Þorsteinsson.

Dagsetning: _____

Undirritun kennara

Undirritun brautarstjóra, fagstjóra eða staðgengils.